

### Hagnaður Lánasjóðs sveitarfélaga 1.132 m.kr. á fyrri hluta ársins 2024

Hagnaður Lánasjóðs sveitarfélaga nam 1.132 milljónum króna á fyrri árshelmingi 2024 samanborið við 916 milljónir króna á sama tímabili árið 2023. Breyting á milli ára skýrist aðallega af betri ávöxtun eigin fjár og fjáreigna á gangvirði vegna hærri vaxta milli tímabila.

Heildareignir Lánasjóðsins þann 30. júní voru 207 milljarðar króna samanborið við 200 milljarða króna í árslok 2023. Heildarútlán sjóðsins námu 195 milljörðum króna samanborið við 191 milljarð króna í árslok 2023. Ný útlán á fyrstu 6 mánuðum ársins námu 7,4 milljörðum króna.

Markaðsverðmæti verðbréfaútgáfu á fyrri hluta ársins var 6,5 milljarðar króna en var 10,7 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Lánasjóðurinn endurskoðaði útgáfuáætlun sína fyrir árið í maí og ágúst 2024. Upphafleg útgáfuáætlun gerði ráð fyrir heildarútgáfu að fjárhæð 24 - 29 milljörðum króna fyrir árið 2024. Endurskoðuð útgáfuáætlun nú gerir ráð fyrir heildarútgáfu að fjárhæð 14 - 19 milljörðum króna.

Eigið fé Lánasjóðsins nam 23,9 milljörðum króna á móti 22,7 milljörðum króna í árslok 2023. Vegið eiginfjárlutfall Lánasjóðsins er 410% miðað við stöðu útlána þann 30. júní og var 416% í árslok 2023, með fullri mildun samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Á aðalfundi sjóðsins þann 14. mars síðastliðinn var ákveðið að greiða ekki arð til hluthafa vegna afkomu ársins 2023 til að styrkja stöðu sjóðsins, viðhalda kaupmætti og tryggja vöxt eigin fjár.

Rekstur fyrstu 6 mánaða ársins	1.1.-30.6.24	1.1.-30.6.23	1.1.-30.6.22
Hreinar vaxtatekjur.....	838	804	611
Aðrar rekstrartekjur .....	437	245	69
Almennur rekstrarkostnaður.....	143	133	127
<b>Hagnaður tímabilsins.....</b>	<b>1.132</b>	<b>916</b>	<b>553</b>
<b>Efnahagur í lok tímabils</b>	<b>30.jún.24</b>	<b>30.jún.23</b>	<b>30.06.22</b>
Handbært fé.....	183	712	842
Ríkisbréf og ríkisvixlar.....	7.938	7.055	6.818
Markaðsverðbréf.....	3.593	1.703	164
Útlán og kröfur.....	195.234	183.278	164.948
Aðrar eignir.....	98	493	237
<b>Eignir samtals.....</b>	<b>207.046</b>	<b>193.241</b>	<b>173.009</b>
Verðbréfaútgáfa.....	179.937	169.890	150.838
Aðrar lántökur.....	2.943	1.259	1.907
Aðrar skuldir og skuldbindingar.....	310	318	113
<b>Skuldir samtals.....</b>	<b>183.191</b>	<b>171.467</b>	<b>152.858</b>
<b>Eigið fé.....</b>	<b>23.855</b>	<b>21.774</b>	<b>20.151</b>
CAD- hlutfall m/hefðbundinni mildun.....	54%	54%	56%
CAD- hlutfall m/fullri mildun.....	410%	579%	643%

### Framtíðarhorfur

Lánasjóðurinn mun starfa í meginatriðum líkt og undanfarin ár þar sem unnið hefur verið að eflingu á starfsemi hans og aukinni þjónustu við sveitarfélögin með því að nýta gott lánstraust sjóðsins til að útvega sveitarfélögunum lánsfé á hagstæðum kjörum.

Nánari upplýsingar veitir: Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri, s. 515 4949.